

Fullorðnir í skátastarfi

Fullorðnir í skátastarfi

1. Til hvers er þetta efni?

Til að halda úti góðu skátastarfi fyrir börn og unglinga þarf ábyrga og fullorðna einstaklinga sem sinna verkefnum fyrir skátafélögin til lengri og skemmri tíma. Að ná í og halda í nægilega marga fullorðna er stöðugt úrlausnarefni fyrir mörg félög og erfiðleikar á því sviði ein helsta ástæða þess að starf félaga dalar og jafnvel leggst af.

Þessu efni er ætlað að vera nokkurs konar verkfærakista sem skátafélög geta gengið í, til að auðvelda sér að ná í og halda í fullorðna einstaklinga. Leitast var við að hafa efnið einfalt, hagnýtt og raunsætt miðað við íslenskar aðstæður. Kistuna, og verkfærin sem henni fylgja, má finna á rafrænu formi á heimasíðu BÍS, undir flípanum „Skátastarf / Fullorðnir í skátastarfi”.

Hópurinn sem vann að efninu samanstóð af :

- Ágústi Þorsteinssyni
- Birni Hilmarssyni
- Gauta Torfasyni
- Gunnari Atlasyni
- Hrönn Pétursdóttur
- Júlíusi Aðalsteinssyni
- Unni Flygenring
- Þórhalli Helgasyni

Hópurinn notaði efni sem WOSM – Alheimsbandalag skáta – hefur gefið út sem grunn, auk þess sem hópurinn átti einn fund með fulltrúa frá WOSM.



2. Hvernig á að nota efnið?

Efnið er sett upp í kringum ákveðið verkferli sem fara þarf í gegnum – frá því að skilgreint er að það vanti að finna fullorðinn einstakling í ákveðið verk og þangað til hann eða hún lýkur hlutverki sínu í verkinu. Fjallað er um hvert skref ferlisins og dæmi sett fram um það hvernig hægt er að vinna að hverjum hluta þess. Notandinn getur þá valið að nota það sem honum líst á og hentar aðstæðunum, eða farið eigin leiðir ef það hentar betur.

Eins og á við um allar verkfærakistur er vonin sú að verkfærunum í henni fjölgi stöðugt, að notendurnir þrói ný tæki og tól og bæti í kistuna fyrir aðra að nota.

3. Af hverju fullorðnir í skátastarfi?

Tilgangur þess að hafa fullorðna í skátastarfi er að gefa sem flestum börnum færi á þátttöku í starfinu. Fullorðnir leggja þá til þekkingu, færni, reynslu og áhuga og bera einnig lagalega ábyrgð.

4. Í hvers konar verkefni vantar fullorðna?

Áður en hægt er að hefja leit að fullorðnu fólki til að styðja við skátastarfið þarf að átta sig á því hvaða verkefni eru fyrir hendi. Verkefnin geta verið stór eða smá, til lengri eða skemmri tíma, en einnig þarf að skilgreina þau til að hægt sé að átta sig á því að hvaða kröfur fullorðni einstaklingurinn þarf að uppfylla, t.d. varðandi tíma, þekkingu, færni og viðhorf.

Í upphafi starfsársins getur því verið gott að búa til lista yfir þau verk sem þarf að manna, hversu marga þarf, hvenær og hvað viðkomandi þurfa að hafa til brunns að bera.

Hér eru dæmi um byrjunina á slíkum verklista, en hann má líka finna sem tékklista í fylgigögnunum.

Flokks- eða sveitarstarfið

- Aðstoða við viðburði (hvaða viðburði, hvaða verkefni)
- Útilegur, hellaferðir, gönguferðir, hjólaferðir...
- Aðstoða við dagskrá á flokksfundum
- Akstur, flutningur, matur, dagskrá, fjáröflun, búnaður, kennsla, ráðgjöf....

Félagseignir, uppbygging og viðhald

- Verkefni tengd skátaheimili
- Verkefni tengd skátaskála
- Verkefni tengd útivistarsvæði
- Verkefni tengd útbúnaði skátafélags

Félagsstarfið

- Aðstoða við félagsviðburði t.d.
- akstur, flutningur, matur, dagskrá, uppsetning, frágangur, fjáröflun, búnaður...
- Fjáraflanir
- Samskipti við sveitarstjórn
- Eignastjórn (skátaheimili, skáli, birgðir...)
- Seta í félagsstjórn
- Sveitarforingi
- Íhlaupaforingi

Verkefni á vegum BÍS eða skátasambanda

- Seta í stjórn
- Seta í ýmsum nefndum
- Aðstoð við rekstur og/eða viðhald útilífsmiðstöðva
- Undirbúa og annast framkvæmd viðburða (skátamót, hátíðir o.fl.)
- Tengsl við stjórnvöld
- Tengsl við önnur félagasamtök
- Almannatengsl
- Fjáröflun

Það eru síðan ýmsar leiðir til að manna verkefnin á listanum, en um það er fjallað betur síðar.




5. Hver er markhópurinn þegar ná þarf í fleiri fullorðna?

Hvaða fullorðni einstaklingur sem er getur verið vel til þess fallinn að leita til, hvort sem viðkomandi tengist skátastarfi eður ei. Ætíð ber þó að leita til þeirra sem eru best til þess fallnir að sinna völdu verki, hafa til þess þekkingu, tíma, viðeigandi viðhorf og eru 23 ára eða eldri. Þeir einstaklingar sem leitað er til geta:

- verið fyrrum starfandi skátar sem eru ekki virkir á þessum tímapunkti
- verið foreldrar barna í skátastarfi
- verið áhuga- eða fagfólk á tilteknu sviði
- verið áhuga- eða fagfólk um þátttöku og þroska ungs fólks
- verið skátar sem eru að hætta í núverandi hlutverki og mögulega leita að nýju
- verið skátar sem eru líklegir til að draga sig út úr skátastarfi

6. Af hverju eru fullorðnir tilbúnir að veita liðsinni?

Rannsóknir hafa sýnt að flestir sjálfboðaliðar vonast til að fá eitthvað í staðinn fyrir að leggja krafta sína í tiltekið málefni. Það er mikilvægt að finna út hvað það er sem einstaklingurinn, sem ætlunin er að nálgast, leit- ar eftir og „selja“ honum þátttöku með því að koma með viðeigandi hætti á framfæri hvernig þörfinni verður mætt.



Í því skyni hefur listinn hér á eftir verið settur saman. Hægt er að fara í gegnum hann til að skilgreina hvaða skilaboð eigi að leggja upp með þegar fullorðinn einstaklingur er hvattur til þátttöku. Hafa ber í huga að fleiri en einn af þessum þáttum getur verið mikilvægur fyrir sama einstaklinginn.

- Von um að nærumhverfið verði betra.
- Áhugi á að styðja við gildi sem talin eru mikilvæg og líkleg til að hjálpa öðrum.
- Ósk um að láta gott af sér leiða.
- Leit að viðurkenningu, eins og félagsskap og tengslum.
- Styrking sjálfsmyndar og aukin sjálfsvirðing.
- Von um persónulega þróun, að læra eitthvað nýtt, prófa eitthvað nýtt, hitta áhugavert fólk.
- Trú á málstaðinn og að hann sé mikilvægur.
- Von um „laun“ í formi hluta, þjónustu, nýrrar þekkingar eða reynslu sem gæti leitt til framtíðartækifæra.
- Þörf á að bæta upp eitthvað í fortíðinni eða nútíðinni, minnka neikvæðar tilfinningar eins og sekt.
- Þörf á að minnka þrýsting frá þeim sem skipta máli, eins og vinum, fjölskyldu, samstarfsfélögum og samfélaginu.
- Byggja upp tengslanet, njóta samvista við aðra og öðlast reynslu sem getur að lokum hjálpað til við atvinnuleit.
- Til að finnast þarfur.

- Til að finnast geta breytt einhverju.
- Til að öðlast aukna eða nýja hæfni.
- Vegna þess að vinur beitti þrýstingi.
- Til að prófa sjálfan sig.
- Til að flýja undan persónulegum aðstæðum.
- Til að verða „innanbúðar“.
- Til að verða fulltrúi breytinga.
- Til að kanna frama.
- Vegna leiða.
- Til þess að hafa eitthvað til að vakna fyrir.
- Fyrir fjörið.
- Sem meðferð.
- Til að halda sér uppteknum.
- Til að eignast nýja vini.
- Fyrir viðurkenningu.
- Til að ná betra jafnvægi í lífinu.
- Sem starfsþjálfun.
- Til að gefa eitthvað til baka.
- Af trúarlegum ástæðum.
- Til að borga skuld.
- Til að komast út úr húsinu.
- Til að gera borgaralega skyldu sína.
- Til að gera eitthvað annað en í vinnunni.
- Til að gera eitthvað með öðrum í fjölskyldunni.
- Til að vera með öðruvísi fólki.
- Vegna þess að „starfsstöðin“ er nálægt.
- Til að vera hluti af liði.
- Til að vera talsmaður.
- Til að öðlast stöðu.
- Til að læra um menningu.
- Vegna þess að það fékkst enginn annar í verkið.
- Til að líða vel.
- Vegna þess að launuð vinna er ekki möguleg.
- Vegna persónulegrar reynslu af vandamáli.
- Vegna umhyggju fyrir „kúnnahópnum“.
- Til að fá sjálfur aðgang að þjónustu.
- Til að ögra sjálfum sér.
- Til að prófa eitthvað nýtt.
- Sem kostur á móti því að gefa peninga.
- Til að vera varðhundur.
- Til að upplifa stolt.
- Vegna þess að beðið var um þátttöku.
- Til að rísa upp og vera talinn með.
- Til að læra sannleikann.
- Til að skila sínum hluta.
- Til að gefa af sínum starfshæfileikum.
- Til að láta muna eftir sér.
- Sem afsökun til að gera eitthvað sem er skemmtilegt.
- Til að sýna tryggð við málstaðinn.




7. Hvað getur hindrað þátttöku fullorðinna?

Ýmislegt getur komið í veg fyrir að fullorðnir einstaklingar bjóði sig fram eða geti tekið að sér verkefni eða hlutverk í skátastarfi. Það er nauðsynlegt að skilja hvað hindrar þátttökuna og reyna þá að fjarlægja eða yfirstíga hindranirnar áður en haft er samband við viðkomandi.


Meðal þeirra hindrana sem eru til staðar eru:

- Tekur of mikinn tíma frá fjölskyldunni
- Börnin farin að heiman
- Börnin hætt í skátastarfi
- Leiðinleg verkefni
- Leiðinlegt fólk
- Brunninn út vegna fyrri verka
- Skortur á hvatningu
- Tímaleysi
- Skátastarfið krefst of mikils tíma frá öðru
- Of mikið starf, m.a. því það eru of fáir fullorðnir sem það dreifist á
- Of mikil ábyrgð
- Of mikil atvinnumennska
- Sjálfboðaliðastarf sem ekki er launað
- Slæm samskipti
- Vantar samskipti sem fólki líkar
- Árekstrar
- Enginn hópur fullorðinna skáta
- Ekkert skipulagt starf fyrir fullorðna
- Leiðir til að ná og halda í fullorðna einstaklinga




Til að ná og halda í fullorðinn einstakling í skátastarfi eru ákveðnir hlutir sem þurfa að eiga sér stað, eða ákveðið verkferli sem þarf að ganga í gegnum. Fyrstu skiptin sem unnið er samkvæmt þessu ferli getur það tekið umhugsun og tíma, en eftir því sem oftari er farið í gegnum ferlið þá verður það einfaldara og fljótlegra.

Ferlið sem um ræðir er sýnt á myndinni hér á eftir, og tvö dæmi um framkvæmd er að finna í fylgigögnum. Ferlið snýst í rauninni um skipulögð vinnubrögð, og að fylgja því eykur líkur á árangri. Þó er nauðsynlegt fyrir notandann að laga það að aðstæðum á hverjum stað og á hverjum tíma, og á endanum að meta hvað af ferlinu hjálpar og nota þá bara þann hluta.



Ferlið að fá fullorðna í skátastarfð



Mönnun

Það eru tvær grunnleiðir til að manna verkefni. Önnur er að eiga lista með nöfnum einstaklinga sem hægt er að leita til og hin er að óska eftir sjálfboðaliðum í ákveðin verkefni.

Nafnalistar yfir mögulega sjálfboðaliða innihald þá nöfn, símanúmer, netföng, upplýsingar um tengingu við skátana (ef einhver), upplýsingar um hæfni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir og gæti komið að notum, og nafn þess sem benti á viðkomandi. Excel skjal, tilbúið til að fylla inn með slíkum hætti, er að finna í fylgigögnunum.

Á þennan lista er hægt að safna nöfnum t.d.:

- foreldra núverandi skáta í félaginu
- fyrrverandi skáta í félaginu
- foreldra fyrrverandi skáta í félaginu
- með því að standa fyrir viðburðum eins og kynningarfundum eða ferðum og skrá í framhaldi niður nöfn áhugasamra
- með því að fá viðtöl eða skrifa greinar í bæjarblaðið þar sem fram kemur að alltaf sé verið að leita eftir áhugasömum sjálfboðaliðum og biðja fólk að skrá sig

Þegar upplýsingar um einstaklinga eru skráðar og vistaðar með þessum hætti er mjög mikilvægt að passa að virða lög og reglur um skráningu persónuupplýsinga og persónuvernd (sjá <http://www.personuvernd.is/log-og-reglur/log-um-personuvernd/nr/371>). Best er að fá leyfi

viðkomandi fyrir skráningunni og mikilvægt er að upplýsingunum sé ekki dreift til annarra.

Þegar óskað er eftir sjálfboðaliðum í ákveðin verkefni er hægt að fara ýms-
ar leiðir:

- útbúa verkefnalista og fá foreldra til að skrá sig fyrir ákveðnum verkum við skráningu í starfið að hausti
- setja upp Facebook síðu og setja þar inn ákall um liðsinni þegar verkefni kemur upp
- auglýsa í bæjarblaðinu eða á öðrum opinberum vettvangi
- standa fyrir viðburðum, eins og kynningarfundum eða ferðum, og litast þar um eftir hæfum einstaklingum
- stofna „skátasveit“ eða „gildi“ fyrir fullorðna og leita til þeirra með verkefnalista öðru hverju
- fá viðtöl eða skrifa greinar í bæjarblaðið þar sem fram kemur að verið sé að leita eftir fólki í tiltekin verkefni
- spyrja skrifstofu BÍS hvort þar sé vitað um hæfa einstaklinga
- spyrja þá sem við þekkjum hvort þeir geti bent á einhvern

Við getum beðið einstaklinga, sbr. foreldra, að skrá sig fyrir ákveðnum verkefnum. Á móti er oft skilvirkast að hringja einfaldlega í valinn einstakling og óska eftir liðsinni. Oft getur verið auðveldara fyrir eldri foringja að hringja heldur en þann sem yngri er (sjá hlutverkaleik í fylgi-gögnum, þar sem skátar eru þjálfaðir í að biðja um liðsinni). Ef við þekkjum viðkomandi einstakling ekki persónulega, eða höfum ekki fyrri reynslu af þátttöku hans, þá er mikilvægt að leita upplýsinga áður en haft er samband. Þannig er gott að leita eftir umsögnum um persónuleika, viðhorf, færni til að vinna með börnum, reynslu af samskiptum, áreiðanleika o.s.frv. Slíkar umsagnir er yfirleitt auðvelt að fá, vegna mannfæðar og stuttra boðleiða á Íslandi. Einnig er nauðsynlegt að viðkomandi hafi hreint sakavottorð.



Einstaklingurinn sem við leitum til þarf að uppfylla öll eða flest þeirra skilyrða sem við settum upp þegar við skilgreindum verkefnið, hann þarf að passa í hóp barna og annarra fullorðinna, trúa á gildi og markmið skátahreyfingarinnar og hafa þann tíma og vilja sem þarf til að ljúka verkinu. Við val á einstaklingum er líka mikilvægt að horfa á heildarhópin og að einstaklingarnir í hópnum séu fjölbreyttir í hugsun og færni en geti unnið vel saman og treysti og virði hver annan.

Þegar við höfum samband við einstakling með beiðni um aðstoð eða þátttöku þá þarf skilgreining á verkefninu að vera tilbúin, hvaða hlutverk verið er að biðja viðkomandi um að sinna, hversu mikill tími er áætlaður er í verkið, hvaða aðstoð er til staðar o.s.frv.

Þegar við höfum samband þá þurfum við að hafa á takteinum ákveðinn sannfæringarkraft, þ.e. vera tilbúin að „selja“ viðkomandi hvað hann fái út úr því að leggja skátunum lið (sjá kafla 6). Við þurfum líka að vera tilbúin með mótrök eða sannfæringu um að búið sé að vinna úr þeim málum sem geta hindrað þátttöku (sjá kafla 7).

Samkomulag

Þegar einstaklingur er búinn að lýsa yfir áhuga, gefa vilyrði fyrir aðstoð eða taka að sér verkefni þá er mikilvægt að skrásetja sameiginlegan skilning á því sem um var rætt. Þetta getur verið í formi einfalds tölvupósts sem sendur er og viðkomandi staðfestir til baka (sjá dæmi í fylgigögnum), eða í formi formlegs sammings ef verkefnið er mjög stórt og mikilvægt. Skriflegu samskiptin eru geymd og alltaf er hægt að skoða þau eða vitna í, eftir því sem verkefninu miðar áfram. Þessi gögn gætu verið aðgengileg hjá ritara félagsins eða starfsmanni.

- Það sem er skráð og staðfest með slíkum hætti er a.m.k. eftirfarandi:
- Verkefnið sem um ræðir og lýsing á því
- Hvað telst vera góður árangur eða hverju ber að skila í lok verkefnisins
- Hlutverk og ábyrgð sem viðkomandi tekur að sér
- Hvenær verkefnið hefst og hvenær því þarf að vera lokið
- Hvað áætlað er að verkið taki mikinn vinnutíma hjá viðkomandi
- Hverjir aðrir vinna að verkefninu og hvert er hlutverk/verksvið þeirra
- Ef til staðar eru verklagsreglur eða gögn sem nýtast í vinnuna, og þá hver
- Hvaða stuðning og þjálfun viðkomandi fær
- Hver er tengiliður ef þörf er á einhverju eða eitthvað kemur upp á, og hvert er símanúmer og netfang þess aðila



Samlögun hópsins

Fyrir einstakling sem ekki hefur áður tekið þátt í skátastarfi, hefur verið lengi fjarverandi eða þekkir af einhverjum ástæðum ekki til einstaklingana sem hann mun vinna með, er mjög mikilvægt að fara í markvissar aðgerðir sem styðja við að viðkomandi blandist í hópinn sem fyrst. Viðkomandi þarf að líða vel í návist annarra í hópnum, finnast hann passa í hópinn, vera meðtekinn og hlakka til að mæta og taka þátt. Hægt er að fara ýmsar leiðir til að styðja við slíka samlögun, þ.á.m.:

- Skipuleggja viðburð sem eingöngu hefur þann tilgang að gefa fólki færi á að kynnst og upplifa eitthvað skemmtilegt saman, eins og kaffiboð, teiti, sumarbústaðaferð eða óvissuferð
- Upplýsa og fræða einstaklinginn þannig að hann hafi skilning á því sem almennt er um að vera, þekki orð sem notuð eru og hvað þau tákna, skilji tilgang skátadagskrárinnar og hlutverk fullorðinna og viti hvaða fólk er um að ræða hverju sinni
- Hafa formlega inntökuathöfn fyrir einstaklinginn og/eða stofnathöfn fyrir hópinn
- Tryggja að einstaklingurinn fái upplýsingar um annað sem er að gerast í starfinu, þ.m.t. boð á fundi, en enginn þrýstingur sé á að mæta á viðburði ótengda verkefninu


Þjálfun og stuðningur

Mikilvægt er að einstaklingur sem tekur að sér tiltekið verkefni fái þá þjálfun sem hann þarf til að sinna því, þar sem slíkt er viðeigandi. Með aðstoð einstaklingsins þarf því að skilgreina í upphafi, og svo reglulega eftir því sem verkinu miðar og við á, hvaða færni þarf að byggja upp og hvaða þekkingu þarf að tryggja. Einnig þarf að setja saman áætlun um hvernig einstaklingurinn fái þessa færni og þekkingu.

Í öllum tilfellum er nauðsynlegt að tryggja þann stuðning sem einstaklingurinn þarf eða kann að þurfa á meðan á verkinu stendur. Stundum er stuðningurinn fyrirsjáanlegur og stundum ekki, og þarf að gera ráð fyrir hvoru tveggja. Hluti af stuðningnum er að láta einstaklinginn finna að tekið sé eftir starfi hans og að framlag hans í tíma og verki sé metinn.

Þegar kemur að þjálfun og stuðningi er hægt að fara ýmsar leiðir, eftir aðstæðum hverju sinni, eins og:

- Fá handleiðslu reynds aðila
- Hafa neyðarnúmer eða númer tengiliðar
- Blanda saman í ábyrgan hóp bæði vönnum og óvönnum
- Fara á námskeið eða ráðstefnu
- Benda á eða afhenda útgefið skriflegt fræðsluefni
- Útbúa skýrar og ýtarlegar verklýsingar
- Afhenda gögn frá sambærilegu verkefni sem áður hefur verið unnið
- Þjóða viðkomandi að heimsækja sambærilegt verkefni eða viðburð
- Veita reglubundnar upplýsingar um gang mála
- Hafa varamenn eða stuðningsfólk til staðar ef á þarf að halda
- Sýna að okkur er annst um einstaklinginn, með því að kynnst honum persónulega, viðurkenna framlag hans, virða persónulegar aðstæður sem koma upp og hjálpa ef upp kemur verkefnatengdur ágreiningur



Verkefni

Hvert verkefni þarf að vera skýrt og vel skilgreint í upphafi af þeim aðilum sem fengnir eru til að bera ábyrgð. Þar á meðal þarf tilgangur verkefnisins að vera skýr, þau markmið sem eiga að nást, verkáfangarnir, ábyrgðaraðilarnir, hverjir koma að vinnunni, tímaramminn og kostnaðaráætlunin. Dæmi um slíka verklýsingu er í fylgigögnum.

Lærdómur frá fyrri sambærilegum verkefnum þarf að vera ljós og skýrt að gera þarf endurmat við lok núverandi verkefnis. Að lokum þarf að fara fram reglubundið eftirlit með framgangi verkefnisins – hvort líklegt er að það skili tilgreindum árangri innan þess ramma sem settur hefur verið.

Endurskoðun

Með reglubundnu millibili í stærri verkefnum, og ætíð þegar viðkomandi einstaklingur hefur lokið því verkefni sem hann tók að sér, þarf að fara fram uppbyggileg endurskoðun. Þar fer viðkomandi yfir málin með þeim

sem fékk hann í verkið. Saman skoða þeir hvort upprunalega samkomulagið hafi staðist, hvort verkefnið hafi breyst með tímanum, hvort aðrir hafi gert það sem þeirra hlutverk kallaði á, hvort sú þjálfun og sá stuðningur sem settur var upp hafi verið réttur og nægur o.s.frv. Tékklisti sem hægt er að nota fyrir slíka endurskoðun er að finna í fylgigögnunum.

Þessi endurskoðun getur átt sér stað með ýmsu móti - óformlegu spjalli yfir kaffibolla, formlega skipulögðu samtali eða hverju sem er þar á milli. Þar skiptir mestu að finna hvað hentar einstaklingunum, verkefninu og aðstæðunum. Tilgangur endurskoðunarinnar er hins vegar alltaf að læra af reynslunni og/eða leiðrétta það sem þarf upp á framhald verkefnis.

Í lok endurskoðunar við lok verkefnis ber að líta svo á að hlutverki og ábyrgð einstaklingsins sé lokið og þá er um að gera að styrkja böndin með því að umbuna honum með einhverjum hætti. Umbunin getur verið í formi hróss, gjafar eða með einhvers konar viðburði til að fagna áfanganum, allt eftir stærð verkefnis og aðstæðum. Mikilvægt er að umbun eigi sér stað hvort sem verkefnið gekk vel eða ekki og hvernig sem einstaklingurinn stóð sig. Umbunin er formlega merkið um að nú sé verkefninu lokið.

Þegar viðkomandi hefur lokið því hlutverki sem hann var upphaflega fenginn í, er þrennt sem getur gerst. Viðkomandi getur dregið sig alveg úr starfi, tekið að sér nýtt verkefni eða haldið áfram að sinna því verkefni sem hann var í áður.

Nýtt verkefni

Að fenginni reynslu einstaklingsins af þátttöku í skátastarfi, og skátanna af því hvernig viðkomandi stóð sig í fyrra verki, getur verið áhugi beggja á að halda samstarfinu áfram.

Þá er einstaklingurinn beðinn um eða býður sig fram í nýtt verkefni og ferlið byrjar aftur frá samkomulaginu. Nýtt verkefni getur þá hafist strax eða þegar þörf er á.

Draga sig í hlé

Í miðju verki eða að því loknu getur fullorðinn einstaklingur ákveðið að hætta frekari þátttöku eða gefið til kynna að hann sé ekki tilbúinn að veita frekari aðstoð. Slíka ákvörðun ber að virða og ákveða hvenær og með hvaða hætti viðkomandi dregur sig í hlé.

Ef aðstæður leyfa er mikilvægt að fara í endurmat á verkefninu og fá upplýsingar um það sem vel tókst og það sem betur hefði mátt fara, svo hægt sé að gera betur næst. Þá er einnig mikilvægt að þakka einstaklingnum fyrir framlag hans með einhverjum hætti, hvort sem það er formlega eða óformlega.

Endurnýja

Að fenginni reynslu einstaklingsins af þátttöku í skátastarfi, og skátanna af því hvernig viðkomandi hefur staðið sig, getur verið áhugi beggja á að einstaklingurinn haldi áfram í sama hlutverki. Þá er samkomulagið endurnýjað og aftur farið í gegnum ferlið.

